

Föstudaginn 2. febrúar 1945.

Nr. 5/1944.

Alþýðusamband Íslands f. h. Verkalyðsfélags-

ins Jökuls (Ragnar Ólafsson hrl.)

gegn

Skipaafgreiðslu Ólafsvíkur (Eggert Claessen hrl.).

**Varadómari Þorsteinn Pétursson skrifstofumaður i stað
Ragnars Ólafssonar hrl.**

Úrskurður.¹⁾

Áður en dómur verður lagður á mál þetta þykir rétt, samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938 og 56. gr. síðarnefndra laga, að fram fari aðiljayfirheyrsla og aðiljum gefist kostur á því að afla frekari upplýsinga um eftirtalin atriði:

I. Taka skal aðiljaskýrslu af þeim stjórnarnefndarmönnum verklýðsfélagsins Jökuls, eða vitnaskýrslur af mönnum þeim, — ef þeir eru ekki í stjórn Jökuls —, sem önnuðust samninga við vinnuveitendur af hálfu nefnds félags 30. janúar 1943 um það, hvort rætt hafi verið sérstaklega um það við nefnda samningsgerð, hversu háttáð skyldi kaupi fyrir vinnu þá, sem greind er í b-, c- og d-lið 1. gr. kjarasamnings málsaðilja frá 28. okt. 1942, og ef svo var, hvernig orð hafi fallið milli samningamanna um þessi atriði.

II. Leita skal skýrslna um það, hverjir önnuðust samninga af hálfu vinnuveitenda. Hvort það var síra Magnús Guðmundsson einn, og ef svo var, hversu háttáð var umboði hans til þess. Skal hann eða fulltrúar vinnuveitenda spurðir um þau atriði, sem greind eru í I. Ef síra Magnús var eini fulltrúinn af hálfu vinnuveitenda, skal eftir því leitað, hvaða skýringar hann hafi gefið vinnuveitendum þeim, sem undirrituðu samn-

1) Mál þetta var hafið 28. nóv. 1945.

inginn 30. jan. 1943 um efni hans. Skulu bæði hann og þeir spurðir um þetta atriði.

III. Leitað skal upplýsinga um það, hvenær forráðamönnum Jökuls varð fyrst kunnugt um það, eftir 30. janúar 1943, að stefndi greiddi fyrir skipavinnu kr. 1.75 um klst., eða sama og fyrir almenna verkamannavinnu, hvenær fyrst var að því fundið af þeirra hálfu við stefnda, og hvers vegna verklýðsfélagið hófst ekki handa með málshöfðun þessa fyrr en 12. apríl 1944, eða meir en ári síðar en formaður þess kveðst hafa að þessu fundið við stefnda.

IV. Einnig skal aflað skýrslu um það, hvort lækkun sú, sem stefndi telur að hafi orðið á útskipunargjöldum hraðfrystihússins, úr kr. 2.00 í kr. 1.50 fyrir kassa, hafi orðið strax eftir 30. jan. 1943, og hvort hún hafi náð til annarrar vöru, svo sem uppskipunar fyrir hraðfrystihúsið og út- og uppskipunar fyrir aðra en það.

V. Annarra þeirra gagna, er framantaldar skýrslur kunna að gefa tilefni til.

Því úrskurðast:

Framan talinna gagna ber að afla svo fljótt sem kostur er.